



ENDURGREIÐSLA V/ RÚTUFERÐA NEMENDA Í VERKMENNTASKÓLA AUSTURLANDS, MEÐ LÖGHEIMILI Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI.

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Reglur um endurgreiðslu vegna ofangreinds kostnaðar eru einfaldar. Eyðublað þetta skal skólameistari eða fulltrúi hans staðfesta, í samræmi við form þess, í lok hversrar námsannar. Ennfremur ber umsækjanda að afla undirskriftar sérleyfishafa sbr. tl. 6. og staðfesta umsóknina með eigin undirritun sbr. tl. 8. Hætti nemandi í skólanum áður en önn lýkur kemur ekki til greiðslu, nema því aðeins að fyrir liggja læknisvottorð þess efnis að fráhvarf úr skóla sé af heilsufarslegum ástæðum. Endurgreiðslan verður þá reiknuð sem hlutfall af tíma þeim, sem önnin öll nær yfir. Endurgreiðslan á hverri önn nemur helmingi svonefnds skólafargjalds nemanda og miðað við að hann nýti sér þjónustu sérleyfishafa að jafnaði í upphafi og lok skólavíku. Sé um veruleg frávik frá því að ræða, greiðist hlutfallslega m/v notkun. Upphæð endurgreiðslu fyrir haustönn 2005 er kr. 12.500.- Akstur á einkabílum verður ekki niðurgreiddur að sama skapi, enda er litið svo á af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs að eðlilegt sé að standa við bakið á þeim, sem bjóða upp á áætlunarþjónustu af þessu tagi á svæðinu og í samræmi við endurgreiðslureglur, sem einhver sveitarfélög bjóða nemendum í Menntaskólanum á Egilsstöðum upp á.

Egilsstöðum 7/12 2005
Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

UMSÓKN UM STYRK

1. **NAFN NEMANDA:** _____
2. **KENNITALA:** _____
3. **LÖGHEIMILI:** _____
4. **ÖNN:** _____ **ÁR:** _____
5. **STAÐFESTING SKÓLAMEISTARA:** _____
6. **STAÐFESTING SÉRLEYFISHAFA Á AÐ OFANGREINDUR NEMANDI HAFI NÝTT SÉR RÚTUFERÐIR MILLI EGILSSTAÐA OG NORÐFJARÐAR Á NÁMSÖNN ÞEIRRI, ER UM GETUR HÉR AÐ OFAN.**

_____ **FJÖLDI FERÐA :** _____
7. **UPPLÝSINGAR UM HVAR LEGGJA EIGI INN ENDURGREIÐSLUNA:**
BANKANR. _____ **HB.** _____ **REINK.NR.** _____
8. **UNDIRSKRIFT NEMANDA** _____

UMSÓKNUM BER AÐ SKILA TIL FRÆDSLUFULLTRÚA FLJÓTSDALSHÉRAÐS